

Heiti áfanga: HÚSS 3BF05

Titill: Framhaldsáfangi í hússtjórn.

Staða áfanga: Áfanginn er valáfangi á öllum brautum.

Undanfarar: HÚSS 2AG05.

Áfanginn er undanfari fyrir eftirfarandi áfanga:

Stutt lýsing á efni áfangans:

Matreiðsla og bakstur.

Verkleg þjálfun: Fjórar samfelldar kennslustundir einu sinni í viku. Nemendur greiða efniskostnað.

Unnið er með hefðbundna rétti, flóknari matargerð og bakstur, matseðlar settir saman, kostnaðaráætlun gerð og veisla útbúin.

Mikilvægi verkefnaskipulags er tekið fyrir og nemendur þjálfast í vinnufræði og matvælafræði.

Markmið: Að nemendur öðlist leikni í flóknari matargerð og geti tekist á við uppskriftir af ólíkum uppruna og á erlendum tungumálum. Að nemendur geri sér grein fyrir góðu hráefni og hagkvæmni í innkaupum. Að nemendur öðlist verklega innsýn og temji sér góða verklega skipulagsframkvæmd við matartilbúning flókinna matseðla. Að nemendur tileinki sér að nýta hráefni vel og minnka matarsóun.

Námsmat:

Námsmat byggir á mati í verklegum þætti.